

## Fundargerð aðalfundar NBI hf. fyrir árið 2010

Aðalfundur NBI hf. fyrir árið 2010 var haldinn 28. apríl 2011 kl. 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundurinn hófst með því að Gunnar Helgi Hálfdanarson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Jóhannes Karl tók við stjórn fundarins, lýsti löglega til hans boðað og fundinn löglegan að öðru leyti. Hann lagði því næst til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Mætt var fyrir eigendur alls hlutafjár, en hluthafar eru tveir. Annars vegar er um að ræða íslenska ríkið sem fer með 81,3% hlutafjár, en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlutinn fyrir hönd ríkissjóðs, og hins vegar Landskil ehf. sem fer með 18,7% hlutafjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrá:

### 1. Skýrsla Bankaráðs um starfsemi bankans árið 2010.

Gunnar Helgi Hálfdanarson, formaður bankaráðs, flutti skýrslu um starfsemi Landsbankans á árinu 2010.

Hann gerði grein fyrir meginbreytingum innan bankans á árinu 2010, þá m. móton nýrrar stefnu, ráðningu nýs bankastjóra og ráðningum í stöður framkvæmdastjóra.

Þá kom fram í máli hans að árið 2010 hefði verið Landsbankanum hagfellt eins og reikningar bankans sýndu. Fram hefðu komið ýmis batamerki í þróun lykilþátta í rekstri sem yki á sveigjanleika og styrk á óvissutímum. Mikið hefði áunnist í endurskipulagningu lána einstaklinga og fyrirtækja þótt enn væri ekki komin nægjanlega mikil reynsla á efndir þessara samninga og mikilvæg mál á því sviðinu ættu enn eftir að koma til kasta dómsstóla.

Þá vék formaður bankaráðs að því að Landsbankinn væri vel í stakk búinn til að taka þátt í hagræðingu sem væri nauðsynleg á fjármálamarkaði. Nýlega hafi verið lokið við samruna SpKef við Landsbankann og einnig hafi bankinn m.a. lýst yfir áhuga á samruna við Byr hf. en ekki orðið ágengt enn sem komið er.

Formaður bankaráðs vísaði í ræðu sinni til skýrslu bankaráðs í ársreikningi varðandi það fyrirkomulag að Kjararáði hafi verið falið að úrskurða um laun bankastjóra. Bankaráðið hefði miklar áhyggjur af beinum og óbeinum áhrifum þessa fyrirkomulags á rekstraráhættu og möguleika bankans til að laða til sín og halda fremstu sérfræðingum í vinnu.



Í lok ræðu sinnar minnti formaður bankaráðs á það sem sagt var á aðalfundi Landsbankans fyrir ári, að framundan væri uppbygging metnaðarfulls, þjónustuvæns og samkeppnissinnaðs fjármálfyrirtækis sem stefndi á skráningu á markaði. Það markmið væri í samræmi við eigendastefnu ríkisins sem Bankasýslan vinnur eftir, um að koma bankanum í dreift eignarhald á næstu árum. Það væri mikilvægt að framkvæmd þeirrar stefnu verði gerð ljós.

## **2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.**

Steinþór Pálsson, bankastjóri gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2010.

Fram kom m.a í máli hans að árið 2010 hefði verið árangursríkt hjá Landsbankanum. Hann vakti athygli á því að áritun endurskoðenda væri án nokkurs fyrirvara og þar kæmi fram að þeir teldu að reikningurinn gæfi rétta og sanna mynd af efnahag félagsins í árslok 2010 og á fjárhagslega frammistöðu á árinu 2010, allt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem í gildi væru á evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt minnti hann á að endurskoðun væri unnin af KPMG samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisendurskoðun.

Fram kom í máli bankastjóra að hagnaður bankans eftir skatta á árinu 2010 nam 27,2 milljörðum króna og var arðsemi eigin fjár 17,3%. Þá gerði hann nánari grein fyrir sundurliðun á hagnaði og samanburði við árið 2009.

Heildareignir bankans í árslok 2010 námu 1.081 mkr. og jukust þær um 2% milli ára.

Bankastjóri gerði einnig grein fyrir stefnu bankans sem kynnt var á árinu 2010 undir yfirskriftinni „Landsbankinn þinn“. Bankinn setti fram nýja framtíðarsýn um að Landsbankinn sé til fyrirmynðar. Þá voru innleidd ný einkunnarorð innan bankans, „hlusta, læra og þjóna.“.

Bankastjóri kynnti loks fjórar grunnstoðir nýrrar stefnu bankans, en þær eru með yfirskriftinni: öflug liðsheild, traustir innviðir, ánægðir viðskiptavinir og ávinningur samfélags og eigenda. Loks fjallaði bankastjóri um aðgerðalista bankans um siðasáttmála, skuldavanda heimilanna, skuldavanda fyrirtækja, bætta þjónustu, hreyfiafl og samfélagslega ábyrgð.

Ársreikningurinn ásamt skýrslu endurskoðenda var að því búnu lagður fram til staðfestingar og var hann samþykktur samhljóða.

## **3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2010.**

Þá var lögð fram tillaga um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2010.

Lagt var til að hagnaði rekstrarársins að fjárhæð kr. 27.231 milljón skyldi ráðstafað til hækkunar á eigin fé NBI hf.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

2  
JLB

#### **4. Tillaga Bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.**

Lögð var fram tillaga um starfskjarastefnu sem kynnt var í fylgiskjali með tillögum fyrir fundinn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **5. Tillögur um breytingar á samþykktum.**

Því næst var lögð fram eftirfarandi tillaga um breytingar á samþykktum

Aðalfundur NBI hf. samþykkir að breyta 1. gr. samþykktanna þannig að hún verði með eftirfarandi hætti:

„Félagið er hlutafélag og nafn þess er Landsbankinn hf.“

Tilagan var samþykkt samhljóða.

#### **6. Kosning Bankaráðs.**

Fyrir aðalfundi NBI hf. lá tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð NBI hf. fram til næsta aðalfundar. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti í þeiri röð sem nöfn varamanna birtast. Sú undantekning er frá þessari reglu að forfallist aðalmaður Landskila ehf. tekur varamaður hans sæti og eingöngu fyrir þann aðalmann.

Fyrsti varamaður skal að jafnaði taka þátt í fundum bankaráðs.

**Aðalmenn\*:**

Gunnar Helgi Hálfdanarson

Guðríður Ólafsdóttir

Sigríður Hrólfsdóttir

Þórdís Ingadóttir

Ólafur Helgi Ólafsson

**Til vara\*:**

Andri Geir Arinbjarnarson

Jón Sigurðsson

Helga Loftsdóttir

Kristján Þ. Davíðsson

Þorsteinn Garðarsson

\*Fyrstu fjórir aðal- og varamenn í upptalningunni eru tilnefndir af Bankasýslu ríkisins en þeir síðasttöldu eru tilnefndir af Landskilum ehf.

Tillagan var samþykkt samhljóða.



**7. Kosning endurskoðenda.**

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2011.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi.**

Svohljóðandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Þóknun almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skal vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 525.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000. Ekki er greitt sérstaklega fyrir störf í undirnefndum. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærri en þóknun aðalmannna innan hvers mánaðar.


Tillagan var samþykkt samhljóða.

**9. Önnur mál.**

Þá var komið að liðnum önnur mál. Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá skriflegri fundargerð í samráði við fundarritara og var það samþykkt.

Fundi var slitið kl. 16:15



Jóhannes Karl Sveinsson  
Fundarstjóri



Kristinn Briem  
Fundarritari